

Föstudaginn 16. febrúar 1962.

Nr. 158/1961. **Ákærvaldið**

(Páll S. Pálsson settur saksóknari).

gegn

Birni Guðmundssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Ekki verður talið, að ákærði hafi leitt að því sterkar líkur, að þær tvær flöskur af brennivíni, sem fundust við leit í bifreið hans við aðalhlið Keflavíkurflugvallar aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst 1960, eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða héraðsdómi, hafi ekki verið ætlaðar til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. málsg. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Leitt er í ljós, að á þeim tíma nam söluverð á hverri brennivínsflösku kr. 170.00 hjá Áfengisverzlun ríkisins.

Í 2. mgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. mgr. 19. gr. laganna varði sektum, er nemi í fyrsta sinn fimmföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Samkvæmt því ber að ákveða refsingu ákærða fyrir brot þetta kr. 1700.00 sekt, er renni til Menningar-sjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, 2 flöskur af brennivíni, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 58/1954.

II.

Ákærði er kærður fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 11. september 1960, kl. um 1.20, selt Guðjóni Birki Kristjánssyni eina flösku af brennivíni fyrir 240 krónur, með

þeim hætti, sem segir í héraðsdómnum. Ákærði hefur ákveðið neitað að hafa selt áfengi í umrætt skipti.

Um þetta sakaratriði fór fram ný yfirheyrsla í sakadómi Reykjavíkur 9. febrúar s.l. yfir lögreglumönnum þeim, sem áður höfðu borið vætti í málinu. Leiddi sú rannsókn ekki til neinna nýrra upplýsinga í málinu, enda langt liðið, frá því að atburðurinn á að hafa gerzt.

Skilyrði þau, sem lögreglumenn þeir, sem vætti hafa borið í málinu, höfðu til að skynja þau „viðskipti“, sem þeir telja, að fram hafi farið milli ákærða og vitnisins Guðjóns Birkis, voru erfið. Framburður þeirra um, hvar þeir hafi staðið, hver um sig, í umrætt skipti, er ónákvæmur, og ónógar upplýsingar eru um, hvernig veðri og birtu á staðnum var háttað. Lögreglumennirnir gerðu ekki gangskör að því að ná þegar í stað í ákærða til yfirheyrslu, en það hefði átt að vera auðvelt, og ekki heldur í það fólk, sem vitnið Guðjón Birkir taldi sig hafa keypt brennivínsflöskuna fyrir og kveður hafa haft hana á brott með sér.

Þá er framburður vitnisins Guðjóns Birkis, sem ekki var samprófaður við ákærða um útlit hans og bifreiðar hans, mjög ónákvæmur.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki talið, að fram sé komin lögfull sönnun fyrir þeirri áfengissölu af hendi ákærða, sem greinir í þessum kærulið.

Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

III.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar af málinu, en hinn helmingurinn greiðist úr rikissjóði, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Til sakarkostnaðar teljast saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í rikissjóð, kr. 3500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Guðmundsson, greiði kr. 1700.00 sekt

til Menningarsjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 2 flöskur af brennivíni eru upptækar til handa ríkissjóði.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða, en að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3500.00, og laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 5500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. maí 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 10. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3959/1961: Ákærvaldið gegn Birni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 24. apríl s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 2. marz 1961, höfðað gegn ákærða, Birni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Starhaga 10, Reykjavík, fyrir að hafa:

I. Aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst 1960 haft meðferðis í leigubifreið sinni, R 6870, tvær flöskur af brennivíni, er fundust við leit, er lögreglan gerði í bifreiðinni í aðalhliði Keflavíkurflugvallar um kl. 01.20 umrædda nótt, en áfengi þetta þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

II. Aðfaranótt sunnudagsins 11. september s.l., um kl. 01.20, selt farþega, er ákærði ók í leigubifreið sinni, R 6870, 1 flösku af brennivíni fyrir kr. 240.00, en viðskipti þessi áttu sér stað í bifreiðinni, er stönuð hafði verið móts við Bifreiðastöð Íslands í Tryggvagötu í Reykjavík.

Brot það, sem rakið er í nr. 1 hér að framan, þykir varða við 4., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og brot það, sem greinir í nr. II að ofan, telst varða við 18. gr., sbr. 39. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til svipt-

ingar leigubifreiðarstjóraréttinda og atvinnuleyfis samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, að tvær brennivínsflöskur, sem um er fjallað í nr. I hér að framan, verði upptækar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, svo og verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 17. júní 1914 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1941 21/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur.
- 1941 1/11 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. C lið lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1953 23/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
- 1953 8/12 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
- 1956 7/3 Rvík. Kærður fyrir ölvun og óspektir. Fellt niður.
- 16/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 18/9 Rvík. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.
- 1957 19/9 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1958 16/4 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1959 2/10 Rvík. Sátt, 350 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst s.l., klukkan 01.20, stöðvæði lögreglan á Keflavíkurflugvelli leigubifreiðina R 6870 í aðalhlíði vallarins, en ákærði ók henni. Var gerð leit í bifreiðinni, og fundust tvær heilflöskur af brennivíni undir framsæti. Bar lögreglumaður sá, er þær fann, að eigi hafi verið unnt að merkja flöskurnar undir sætinu, nema með því að þreifa eftir gólfinu, þar sem þeim var komið fyrir undir gúmmíduk, er á gólfinu var. Fyrir dómi hefur ákærði játað að hafa haft vínið í leigubifreið sinni umrætt sinn og vörzlu þess verið svo háttáð, sem greint var hér að framan, en hann neitaði, að geymslustaður vínsins hefði verið valinn þessi til að villa lögreglu sýn. Ákærði kveðst hafa keypt áfengið deginum fyrr og ætlað það til eigin nota, en ekki unnizt tími til að koma víninu heim til sín.

Með sérstakri tilvísan til dóms Hæstaréttar frá 22. febrúar s.l. í máli ákæruvaldsins gegn Þorsteini Skúlasyni verður að telja, að skilyrði séu til að beita 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 í máli þessu, en ákærði þykir ekki hafa fært nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu.

Samkvæmt verðmiðum á flöskunum var söluverð hvorrar flösku kr. 170.00.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 11. september s.l., klukkan um 01.20, voru þrír lögreglumenn í eftirliti, er þeir veittu athygli manni nokkrum, er sté inn í leigubifreiðina R 6870 á bifreiðastæði Hreyfils við Kalkofnsveg. Var bifreiðinni síðan ekið skamman spöl, eða á Tryggvagötu á móts við Bifreiðastöð Íslands. Staðhæfðu lögreglumennirnir fyrir dómi, að þeir hefðu séð ökumann eiga viðskipti við nefndan farþega, og þekktu tveir þeirra ökumann sem ákærða í máli þessu. Fór farþeginn því næst úr leigubifreiðinni og gekk að Varðarhúsinu. Lögreglumennirnir höfðu tal af honum, og játaði hann áfengiskaupin.

Fyrir dómi skýrði farþeginn, Guðjón Birkir Kristjánsson, svo frá, að maður og kona, er hann ekki þekkti, hefðu mælt til þess við hann, að hann keypti eina flösku af áfengi hjá leigubifreiðarstjóra. Varð hann við bón þeirra, fór að leigubifreið á bifreiðastæði Hreyfils og falaðist eftir áfengi hjá ökumanni, er bað hann koma inn í bifreiðina og ók því næst að Bifreiðastöð Íslands. Þar seldi ökumaður honum eina brennivínsflösku, og taldi farþegi sig hafa greitt fyrir hana kr. 240.00. Fór hann þá þegar úr bifreiðinni, en er lögreglan litlu síðar gaf sig á tal við hann, hafði hann afhent þeim flöskuna, er hann keypti hana fyrir. Ákærði neitaði fyrir dómi að hafa selt áfengi umrætt sinn, kvaðst ekki minnast atviks þess sérstaklega, er málið fjallar um, en sagðist vera eigandi leigubifreiðarinnar R 6870, og aðrir en hann ækju henni ekki.

Með eiðfestum framburði vitnisins Guðjóns Birkis Kristjánssonar svo og þriggja lögreglumanna telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem greind er í ákæruskjali hér að framan við lið II. Varðar það brot við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

III.

Refsing ákærða samkvæmt 39. og 2. mgr. 42. gr. áfengislaga þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til Menningarsjóðs, en vararefsing varðhald í 25 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, og samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er rétt að svipta ákærða leigubif-

reiðarstjóraréttindum og atvinnuleyfi í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengisлага að gera upptækar til handa ríkissjóði tvær flöskur af brennivíni.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hrl. Þorvalds Þórarinssonar, krónur 2000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Guðmundsson, greiði 4000.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 25 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur atvinnuleyfi og leigubifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækar eru til ríkissjóðs tvær flöskur af brennivíni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hrl. Þorvalds Þórarinssonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1962.

Nr. 201/1959. **Kaupfélag verkamanna, Akureyri**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.)

gegn

Akureyrarkaupstað (Friðrik Magnússon hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Riftun leigusamnings um svæði í kaupstað.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.